

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2772  
komudagur 15.5.2008

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi félags- og tryggingamálanefnd  
b.t. Elíнар Valdísar Þorsteinsdóttur

Reykjavík 13. maí 2008

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

0804487SA JF  
Tilv.: 237

### Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 535. mál

Þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi félags- og tryggingamálanefndar dags. 22. apríl s.l. Áætlunin hefur það að markmiði að betur verði tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því auðveldað að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og rækta menningu sína.

Framkvæmdaáætlunin er metnaðarfull og í henni eru tillögur ýmis verkefni sem sveitarfélagunum er ætlað að sinna og aðrir þættir sem kunna að hafa áhrif á þau. Sambandið telur nauðsynlegt að samráð verði haft við sveitarfélögin á fleiri sviðum en gert er ráð fyrir samkvæmt áætluninni. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki við aðlögun innflytjenda að samfélaginu. Þau sinna umfangsmikilli nærþjónustu og eru stórir atvinnurekendur. Með hliðsjón af þessu er t.d. mjög mikilvægt að sambandið eigi mikla aðkomu að smíði löggjafar um innflytjendamál, sbr. kafli 1.1.

Samband íslenskra sveitarfélaga vinnur að stefnumótun í málefnum innflytjenda og er framkvæmdaáætlunin í meginatriðum í ágætu samræmi við hana.

### Athugasemdir við einstaka kafla áætlunarinnar

#### Um kafla 4.1. Einföldun skráningar ríkisborgara ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins (bls. 18)

Í 6. kafla áætlunarinnar kemur fram að forsenda móttökuáætlana sveitarfélaga er að þeim berist fljótt og örugglega upplýsingar um nýja íbúa. Með hliðsjón af því þarf að endurskoða þjónustu Þjóðskrár, sbr. kafla 6.2. um símiðlun upplýsinga um aðflutta til sveitarfélaga. Sambandið telur að samráð ætti að hafa við sveitarfélögin í þeirri vinnu.

#### Um 5. kafla Túlkaþjónusta (bls. 20 – 23)

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að túlkaþjónusta við innflytjendur verði skoðuð í heild sinni. Nauðsynlegt er að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, þ.á.m. samstarf þeirra og fjármögnun þjónustunnar verði skýrð frekar.



Í kafla 5.1. er fjallað um verklagsreglur menntamálaráðuneytisins um túlkajónustu. Er þar einungis vikið að túlkajónustu vegna leik- og grunnskólabarna en ekki er fjallað um nemendur á framhaldsskólastigi. Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla er lögð áhersla á aukið foreldrasamstarf enda eru nemendur ósjálfráða til 18 ára aldurs. Í ljósi markmiða um samræmi og samfellu milli allra skólastiga er vakin athygli á þessu ósamræmi. Í þessu samhengi ber einnig að hafa í huga að brottfall nemenda af erlendum uppruna í framhaldsskólum hefur verið mikið og því nauðsynlegt að settar verði verklagsreglur um túlkajónustu í framhaldsskólum líkt og leik- og grunnskólum.

Í kafla 5.8 kemur fram að samdar verði leiðbeinandi verklagsreglur um túlkajónustu í barnaverndarmálum. Standi vilji til þess að slíkar verklagsreglur nái til barnaverndarnefnda sveitarfélaga er mikilvægt að aðkoma þeirra að gerð slíkra reglna verði tryggð. Í því samhengi er einnig nauðsynlegt að kostnaðaráhrif túlkajónustu í barnaverndarmálum verði metin gagnvart sveitarfélögunum.

Sambandið væntir þess að við meðferð menntamálanefndar um frumvörp til laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla náist samræmi milli frumvarpanna og framkvæmdaáætlunin verði samræmd þeim.

#### **Um 6. kafla Móttaka við búsetuflutning (bls. 23-24)**

Sambandið bendir á að þjónustustofnanir ríkisins þurfa að vinna með sveitarfélögum með það að markmiði að velferðarþjónusta birtist innflytjendum sem ein heild.

Þá bendir sambandið á að sveitarfélögin hljóta að vera mikilvægir upplýsingagjafar og samstarfsaðilar við undirbúning símiðlunar upplýsinga um aðflutta útlendinga til sveitarfélaga sem fjallað er um í kafla 6.2.

#### **Um 10. kafla Menntamál (bls. 32-37)**

Í menntamála kafla framkvæmdaáætlunarinnar er lögð áhersla á öflugna upplýsingamiðlun og bætt samstarf skóla og foreldra af erlendum uppruna.

Í kafla 10.1. er fjallað um áætlanir um innritun og móttöku barna af erlendum uppruna í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Óljóst er af hvaða fjárveitingum kostnaður skuli greiddur. Þá kann að vera nauðsynlegt að bæta samræmi milli framkvæmdaáætlunarinnar og frumvarps til laga um framhaldsskóla en þar er ekki kveðið sérstaklega á um slíkar áætlanir. Í kafla 10.12. er fjallað um aukin tengsl skóla við heimili barna af erlendum uppruna. Með hliðsjón af markmiðum um samræmi og samfellu milli skólastiga má ætla að eðlilegt sé að verkefnið nái einnig til framhaldsskólanema og foreldra eða forráðamanna þeirra undir 18 ára aldri.

Þá telur sambandið nauðsynlegt að litið verði til fjármögnunar annarra verkefna s.s. stuðnings við bókasöfn, þýðinga, íslenskukennslu o.fl. Þá má



einnig benda á að óljóst er hver aðkoma sveitarfélaga á að vera varðandi viðurkenningu og viðhald móðurmáls sbr. kafli 10.10.

Sambandið vill einnig benda á nauðsyn stuðnings við skóla m.a. við ráðstafanir til þess að hægt verði að samnýta gögn, s.s. stöðluð bréf á ýmsum tungumálum. Lagt er til að Fjölmennigarsetrið gegni stuðningshlutverki í þessu sambandi.


### **Um kostnaðaráhrif framkvæmdaáætlunarinnar á sveitarfélögin**

Sambandið bendir á að ýmsir þættir framkvæmdaáætlunarinnar kunna að leiða til beins eða afleidds kostnaðar fyrir sveitarfélögin. Má þar sem dæmi nefna fræðsluátak fyrir starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga, bls. 25. Þá kann krafa um aukinn netaðgangur innflytjenda á bókasöfnum að leiða til afleidds kostnaðar, sjá bls. 18.

Væntir sambandið þess að fjármagni verði veitt til þeirra verkefna sem framkvæmdaáætlunin mælir fyrir um.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Guðjón Bragason  
Sviðsstjóri lögfræðisviðs